AKUREYRI

Félagsstofnun stúdenta stofnuð

FÉLAGSSTOFNUN stúdenta á Akureyri verður stofnuð formlega í kvöld og hefst stofnfundur klukkan 20.30 á Hótel KEA. Kjörin verður fimm manna stjórn og stofnuninni markað starfssvið en henni er einkum ætlað að eiga og reka stúdentaíbúðir fyrir nemendur Háskólans á Akureyri.

Þorbjörn Jónsson er einn þeirra sem hefur staðið að undirbúningi Félagsstofnunarinnar. Hann sagði að væntanleg stofnun hefði nú þegar fengið lánsloforð frá Húsnæðisstofnun ríkisins til kaupa á stúdentaíbúðum. Hins vegar bjóst hann við að beðið yrði með kaup til næsta sumars, þar sem kennsla við háskólann væri þegar hafin. „Mér vitandi haffa allir nemendur skólans þak yfir höfuðið nú en ég veit til þess að nokkrir hættu við nám við Háskólann á Akureyri í haust vegna húsnæðiseklu."

Lán frá Húsnæðisstofnun til Félagsstofnunar stúdenta er veitt á félagslegum grunni, það er 85% af kaupverði og verða samtökin því sjálf að fjármagna 15%. Þeir hafa þegar leitað eftir stuðningi norðlenskra sveitarfélaga með þá fjármögnun. Að sögn Þorbjörns munu bæjarstjórar hafa tekið vel í hugmyndina án þess þó að endanlegt svar hafi borist.

Útvegsmannafélag Norðurlands:

Aðalfundur á morgun

Útvegsmannafélag Norðurlands heldur aðalfund sinn á morgun, fimmtudaginn 27. október, og hefst hann klukkan 16.00 á Hótel KEA.

Að afloknum aðalfundarstörfum, þar sem meðal annars fer fram kosning fulltrúa á aðalfund Landssambands íslenskra útvegsmanna 17. nóvember nk., mæta á fundinn þeir Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra og Kristján Ragnarsson formaður LÍÚ.

Félagssvæði Útvegsmannafélags Norðurlands nær allt frá Skagagrönd í vestri og til Þórshafnar í austri. Skipafjöldinn í félaginu eru 92 skip sem samtals hafa yfir 20.732 brúttótonnum að ráða. Þess má geta að ákveðin tímamót eru í félaginu núna þar sem Útgerðarmannafélag Akureyrar, sem er undirrót félagsins, var stofnað árið 1918, fyrir 70 árum síðan. Félaginu var breytt í Útvegsmannafélag Eyjafjarðar árið 1963 þar sem hin ýmsu félög við Eyjafjörð voru sameinuð. Síðan fjölgaði félögum á Norðurlandi og var það ráð tekið að breyta nafni félagsins í Útvegsmannafélag Norðurlands árið 1974.

Tveir Norðlendingar sýna á Kjarvalsstöðum

Norðlensku listamennirnir Guðmundur Ármann og Kristinn G. Jóhannsson héldu til Reykjavíkur í gær með nokkur verka sinna sem þeir ætla að sýna á Kjarvalsstöðum dagana 29. október til 13. nóvember.

Þeir félagarnir tóku á leigu austursal Kjarvalsstaða og ætla að halda tvær einkasýningar þar inni. Guðmunur sýnir 23 myndverk og Kristinn rúmlega tuttugu. Verkin eru unnin með olíulitum og eru áberandi stór um sig, eða um og yfir tveir metrar þau stærstu. Guðmundur sagði að „mottóið" í sýningunni sinni væri „Í frelsinu eru fjötrar" — einskonar samspil fugla og manneskja þannig að áhorfandinn veit í raun ekki hvort verið er að fanga fuglinn eða frelsa. Kristinn sækir myndefni sitt hinsvegar í Lystigarðinn á Akureyri á abstraktívan hátt.

Báðir hafa þeir sýnt áður á Kjarvalsstöðum og tekið þátt í samsýningum.



Morgunblaðið/Rúnar Þór

Axel fær áritaðan silfurplatta

Skólanefnd Akureyrarbæjar heiðraði Axel Árnason, unga myndlistarmanninn sem hlaut gullverðlaun í teiknisamkeppni barna í Seoul, á mánudaginn. Í kaffisamsæti á Hótel KEA var honum færður áritaður silfurplatti til minningar um atburðinn. Auk hans hlaut Aðalsteinn Vestmann, teiknikennari Axels, áritaðan silfurskjöld frá skólanefnd og Barnaskóli Akureyrar fékk þriðja skjöldinn afhentan til varðveislu hjá sér. Frá vinstri á myndinni eru Björn Jósef Arnviðarson formaður skólanefndar, Kolbrún Þormóðsdóttir, Ingólfur Ármannsson skóla- og menningarfulltrúi bæjarins, Árni Árnason faðir Axels, Vilberg Alexandersson, Axel Árnason verðlaunahafi, Kristín Axelsdóttir móðir Axels, Rafn Hjaltalín, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Benedikt Sigurðarson skólastjóri Barnaskóla Akureyrar.

Rússnesk leikföng, hjólbarðar, sultutau og eplaþykkni fyrir íslenskar ullarvörur:

Vöruskipti allt að helmingur heimsviðskiptanna

— segir Kolbeinn Sigurbjörnsson markaðsfulltrúi Álafoss hf.

„AÐ ÞVÍ er fróðustu menn telja mun að minnsta kosti þriðjungur og allt að helmingur heimsviðskipta í dag fara fram í formi vöruskipta þó komið sé langt fram á 20. öldina. Þó þetta sé elsta form viðskipta, er það í fullu gildi í dag og gríðarlega mikið notað," sagði Kolbeinn Sigurbjörnsson markaðsfulltrúi hjá Álafoss hf. í samtali við Morgunblaðið. Hann og Aðalsteinn Helgason aðstoðarforstjóri halda væntanlega til Moskvu þann 8. nóvember nk. til viðræðna við fulltrúa þeirra tveggja fyrirtækja er kaupa af Íslendingum ullarvörur.

Ríkisfyrirtækið Razno hefur á þessu ári keypt ullarvörur af Álafossi fyrir um tvær milljónir dollara og vonir eru bundnar við að það staðfesti kaup upp á tvær milljónir dollara til viðbótar til að fylla upp í þann rammasamning, sem er í gildi á milli þjóðanna. Sovéska samvinnusambandið, Sojuz, hefur á árinu keypt af Álafossi ullarvörur fyrir þrjár milljónir dollara og fara þau viðskipti eingöngu fram í formi vöruskipta þar sem aðeins ríkisfyrirtækið fær gjaldeyri til sinna kaupa, „Sojuz, eða Kaupfélag verkamanna, eins og ég vill kalla það, hefur engan gjaldeyri yfir að ráða svo hrein vöruskipti eru einu viðskiptahættirnir, sem þeir geta beitt. Þetta eru hinar ýmsu vörur, sem við erum að taka fyrir ullina og er ég meðal annars að fara núna til að skoða vörulista hjá þeim fyrir viðskipti næsta árs. Síðan þurfum við að finna markaði fyrir þessar rússnesku vörur annars staðar og höfum við selt þó nokkuð í Danmörku og sumt hér heima," sagði Kolbeinn.

Geislaprófað eplaþykkni

Kolbeinn sagði að einu sinni hefði verið tekið nokkurt magn af rússneskum tréleikföngum upp í ullarvörukaup Sojuz. Þau voru seld í leikfangabúðum, aðallega í Reykjavík, og restina munu vistmenn á Sólborg hafa selt í göngugötunni á Akureyri. „Ég hef einu sinni komið inn í rússneska leikfangaverslun og var ekkert leikfangið þar inni flóknara en að vera upptrekt. Ekkert þeirra gekk fyrir rafhlöðum og legó-kubbar hafa ekki sést þar austur frá. Ég fékk reyndar þessa leikfangasendingu í arf frá forvera mínum, en þau vöruskipti, sem ég hef staðið fyrir eru af ýmsum toga spunnar líka. „Ég keypti til dæmis ríflega 120 tonn af rússnesku eplaþykkni stuttu eftir Chernobyl-slysið og varð því að geislaprófa þykknið áður en ég seldi það í Danmörku. Danir vildu ólmir kaupa meira eplaþykkni, en ég fékk því miður ekki meira af því hjá Rússunum.

140 tonn af hunangi

Þá á ég í augnablikinu svo mikið sem 140 tonn af rússnesku hunangi, sem að mestu er geymt úti í Danmörku. Hluti var þó fluttur hingað til lands þar sem Kristjánsbakarí bakar hunangskökur úr ekta hunangi en notast ekki við svokallað hunangslíki eins og almennt gerist í bakaríum hérlendis. Bakaríið keypti til dæmis 600 kg af þessu ekta rússneska hunangi um daginn og gerir úr því listagóðar hunangskökur á degi hverjum."

Kolbeinn sagði að Álafoss væri bundið af vörulistum, sem fulltrúar frá Sojuz legðu sjálfir fram, enda hefðu þeir ekki heimild til að versla með nema tiltekna vöruflokka. „Það sem við getum keypt af þeim og höfum reyndar gert er kartöflumjöl. Við kaupum nokkra tugi tonna af kartöflumjöli frá þeim á ári hverju og höfum selt það hérlendis. Verslunardeild Sambandsins keypti síðustu sendingu, um 60 tonna skammt, og endurseldi það síðan í smærri einingum. Nú er ég með grænar rússneskar baunir í sigtinu sem ég vil endilega koma á jólaborðið með hangikjötinu. Sultutau höfum við einnig keypt. Sultan hefur þó mælst misvel fyrir og sumum hefur fundist of mikill sykur í henni."



Morgunblaðið/Rúnar Þór

Kolbeinn Sigurbjörnsson markaðsfulltrúi og Jakob Thorarensen starfsmaður Álafoss með einn af rússnesku hjólbörðunum. Þetta er hluti af eldri vörubirgðum og hafa þessir hjólbarðar verið seldir á 1.000 krónur stykkið með slöngu.

Þúsund hjólbarðar

Í tollgeymslustöðinni á Akureyri liggja nú 1.000 rússneskir hjólbarðar, sem Álafoss tók upp í ullarvöruviðskipti, og verða þeir seldir til hinna ýmsu hjólbarðaverkstæða. Um er að ræða þrettán tommu ný dekk, sem ganga til dæmis undir flesta japanska bíla. Kolbeinn sagði óvíst hvað verð yrði á þeim, en að minnsta kosti yrðu þau samkeppnishæf öðrum hjólbörðum. Olía væri þó stærsti flokkurinn í þessum vöruskiptum, að sögn Kolbeins. „Ég vildi sjá miklu meiri stjórnun á þessum olíuinnkaupum. Það er staðreynd að það hallar verulega á Íslendinga í þessum viðskiptum. Viðskiptin eru alls ekki í jafnvægi og vildi ég fá að sjá meiri hörku í garð þeirra. Auk þessara vöruflokka eru töluverðar vonir bundnar við ýmsa aðra vöruflokka, sem ég get ekki greint frá nákvæmlega núna, en ég ætla að heimsækja vöruhúsin hjá Sojuz þegar við förum út og þá kemur þetta væntanlega í ljós," sagði Kolbeinn að lokum.